



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. október 2014

1410114SA KB/pbj
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 159. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis 14. október sl. þar sem óskað var umsagnar um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir heimild umboðsmanns skuldara til að leggja á dagsektir, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir 14 daga fresti til að koma að andmælum áður en ákvörðun um dagsektir er tekin þá telur sambandið ástæðu til þess að bæta inn í setninguna þeim texta sem settur er inn í hornklofa hér að neðan:

„Sé ekki orðið við beiðni umboðsmanns skuldara um að veita upplýsingar skv. 1. mgr. innan hæfilegs frests getur hann ákveðið, að undangenginni aðvörðun, að viðkomandi aðili skuli greiða dagsektir þar til upplýsingarnar hafa verið látnar í té.“

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri